
Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað

Fyrsti hluti.

Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum.



Ragnar Edvardsson

Fornleifastofnun Íslands
FS021 – 96021

Bolungarvík 1996

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagað af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

1. Kafli Inngangur. bls. 3

2. Kafli Byggðasaga 5

3. Kafli Fornleifaskrá 9.

Tröð 9

Ytri búðir 14

Hóll 17

Fiskimið 26

Grundarhóll 32

Árbær (Heimari búðir) 32

Landalifur 36

Miðdalur. 3 7

4. Kafli Fornminjar í Bolungarvík. .41

Niðurlag 42

Skrá yfir myndir 43

Heimildir 44

1. Kafli Inngangur

Sumarið 1996 hófst í Bolungarvík fornleifaskráning. Skráningin fór fram á tímabilinu júní - ágúst og áætlað var að skrá 6 jarðir í þessum fyrsta áfanga. Ákveðið var að byrja á þeim jörðum sem næst standa kaupstaðnum og þeim sem horfið hafa undir kaupstaðarlandið. Á tímabilinu voru svo skráðar 7 jarðir, að viðbættum fiskimiðum bolvíkinga.


Notast var við þá aðferð sem Fornleifastofnun Íslands hefur þróað og notað með góðum árangri á ýmsum stöðum á landinu. Sú aðferð byggir á því að skráningunni er tvískipt, svæðisskráningu og aðalskráningu. Í svæðisskráningu fellst öll grunnvinna eins og heimildaöflun osfrv. Í aðalskráningu er hver jörð tekin fyrir sérstaklega. Allar rústir eru skráðar bæði sýnilegar í yfirborði og þær sem eru horfnar en heimildir gefa til kynna hvar hafi verið. Að auki eru skráð ýmisskonar örnefni og annað sem tengist búsetu manna á svæðinu. Loks eru minjarnar staðsettar með staðsetningartæki. Skekkja mælinganna getur verið allt að 25 m. Flestar minjarnar eru einnig settar inn í hnitakerfi Bolungarvíkurkaupstaðar og því verður auðvelt að leiðrétta staðsetningarpunktana.

Í fornleifaskrá (kafla 3) eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og er miðað við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í jarðatali Johnsens frá 1847. Minjakort fylgir svo hverri jörð og teikningar af þeim rústum sem sjást í yfirborði. Í skránni eru svo skráðir minjastaðir og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum.

Í lokin er umfjöllun um fornminjar í Bolungarvík og á Vestfjörðum. Meðal annars er þar fjallað um möguleika á kynningu á fornminjum og hvernig hægt er að nýta sér þær upplýsingar sem fást við fornleifaskráningu.

Fornleifaskráningin er samstarfsverkefni bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar, Ragnars Edvardssonar og Fornleifastofnunar Íslands. Höfundur vill nota þetta tækifæri til að þakka bæjarstjórninni fyrir afnot af skólabyggingu bæjarins og aðra aðstoð sem hann hefur fengið. Sérstaklega vill hann þakka heimildarmönnum sínum fyrir að gefa sér tíma til að spjalla við höfund. Þakkir fær Haukur Ólafsson og Guðmundur Hraunberg Egilsson fyrir ómetanlega aðstoð og kennslustund í móskurði.

Bolungarvík, 3. Desember, 1996



Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur

2. Kafli Byggðasaga

Saga Bolungarvíkur er, eins og saga flestra byggðarlaga á Vestfjörðum, nátengd fiskveiði. Saga byggðarinnar verður vart skoðuð án þess að þetta lykilatriði verði haft í huga. Það er ekki nokkur vafi á því að víkin byggðist fyrst og fremst vegna þess að frá Bolungarvík er styttra út á ein gjöfulustu fiskimið landsins, en frá nokkrum öðrum stað á Vestfjörðum.

Landslagseinkenni á Vestfjörðum er djúpir firðir og lítið undirlendi til ræktunnar og beitar. Vestfirskir bændur þurftu að treysta á það sem sjórinn gaf þeim því landbúnaður einn og sér var ekki nóg. Sama má segja um Bolungarvík þó svo að undirlendi sé meira en víða annarstaðar á Vestfjörðum.

Sennilegt er að landnám í Bolungarvík hafi átt sér stað á fyrri hluta 10. aldar.[1] Löngum hefur verið talið að Vestfirðir hafi byggst seinna en aðrir hlutar landsins en í raun er ekkert um það vitað, hinsvegar geta fornleifarannsóknir skorið úr um það. Í landnámabók segir að Þuríður sundafyllir hafi numið land í Bolungarvík og reist sér bæ í Vatnsnesi[2]. Vatnsnes er lítill tangi við Miðdalsvatn (Syðridalsvatn) og þar sjást rústir. Samkvæmt Landnámu er því Vatnsnes landnámsjörðin í Bolungarvík. Hvergi er getið um byggð í Vatnsnesi í síðari tíma heimildum og bendir það til þess að ef um byggð var að ræða þá hafi hún lagst snemma af Í Skálavík var það svo Hallvarður súgandi sem nam þar land og var Súgandafjörður einnig hluti landnáms hans.[3] Taka verður fram að þær landnámugerðir sem nú eru þekktar eru aðeins frá 13. öld og því verður að taka þeim með fyrirvara um byggð á 10. öld. Það er ekki útilokað að sögnin um landnámsbyggð í Vatnsnesi sé tilbúningur 13. aldar manna. Rústirnar sem sjást þar geta vel verið yngri en 10. öld en reikna má með að þar hafi sést rústir á 13. öld.

Um eða fyrir miðja 14. öld var Hóll orðin sóknarkirkja í Bolungarvík[4] og hefur áreiðanlega verið höfuðból í Bolungarvík frá því um miðja 13. öld sem sjá má að Halldór Ragnheiðarson af ætt seldæla hafði þar höfuðból eða þar til að Órækja Snorrason tók það afhonum árið 1235[5].

Flestar kirkjur og bænhús á Íslandi byggðust upp á 11. öld og því má reikna með að kirkja eða bænhús hafi verið reist á Hóli um eða rétt eftir 1000. Kirkjur virðast hafa verið reistar fjarri landnámsbænum en innan landnámsjarðarinnar. Bæir hafa svo byggst upp seinna hjá kirkjunum en orðið miklu mikilvægari en gamli landnámsbærinn sem leggst í eyði eða verður að smákoti. [6] Vatnsnes er hluti Hólsjarðarinnar, Hóll er langdýrasta jörðin í Bolungarvík og stendur í miðju byggðarlaginu. Þetta bendir til að bærinn í Vatnsnesi hafi verið færður til og er líklegast að það hafi verið upp á Hól.

Það er að auki þekkt annarstaðar á landinu að bæir voru færðir þegar landnámsmenn fóru að þekkja betur umhverfi sitt.[7] Hér verur höfð sú kenning að upphaflega hafi aðeins verið ein jörð í Bolungarvík (milli Óshlíðar og Stiga) og hafi hún tilheyrt fólki


---

[1] Saga Íslands: bls. 160
[2] Landnáma: bls. 109
[3] Landnáma, bls.109
[4] Íslenskt Fornbréfasafn,II. bindi, 616-17
[5] Sturl. I, 381-82
[6] The Christianisation, bls. 72-92
[7] Saga Islands, bls. 165

stöðum við Ísafjarðardjúp og jafuvel lengra að . Nöfn vara og verbúða báru oft nöfn þeirra staða sem mennirnir komu frá. Nöfn eins og Vatnsfjarðarbúð,Æðeyjarvör. Eyfirðingavör osfrv. bera þess merki.

Róið var frá Skálavík í landi Minni Bakka. Árið 1710 róa þaðan engir aðrir en innbyggjendur. Í jarðabók Á.M. segir að þar sjáist til 7 eða 8 vallgróinna búðatófta og báru tvær þeirra nöfhin Holtsmannaskáli og Mýramannabúð.[21] Þetta bendir til að aðrir en innbyggjendur hafi haft þar aðsetur og róið þaðan. Síðan var útræðið eingöngu notað af innbyggjendum og kom það fyrir að menn hleyptu þangað ef ógerningur var að lenda í Bolungarvík.

Bolungarvík hnignar sem verstöð í byrjun 18. aldar en eftir það fjölgar skipum sem róa þaðan smátt og smátt allt fram á 20. öldina. Flest urðu svo skipin um aldamótin 1900 eða undir lok áraskipatímabilsins.



Mynd 2. Landnám Þuríðar sundafyllis og Hallvarðs súganda.

[20] Jarðabók Árna Magnússonar, bls. 146
[21] Jarðabók Árna Magnússonar, bls. 144.

3. Kafli Fornleifaskrá

Hér er skrá yfir þær minjar sem skráðar voru í fyrsta áfanga fornleifaskráningar í Bolungarvík. Í skráningarkerfi fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Síðan fær hver fornleif númer sem sett er aftan við sýslutákn og jarðanúmer. (dæmi: Ís-130.001) Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og listi yfir fornleifar. Síðan kemur hnattstaða í gráðum og mínútum og er áætlað frávik 25 metrar að meðaltali. Reynt var að minnka fravikið með því að taka fleiri en einn staðsetningarpunkt á hverjum minjastað en leiðréttingin kemur síðar. Tekið er sérstaklega fram ef heimild gat um rúst en engin fannst við skráningu. Síðan kemur leiðarvísir að fornleifastaðnum og mat á þeirri hættu sem fornleifar geta verið í. Loks er getið um þær heimildir sem eru um minjastaðinn ef einhverjar eru.

Í þessum fyrsta áfanga fornleifaskráningar í Bolungarvík voru 7 jarðir skráðar, alls 82 staðir. Að auki voru fiskimið bolvíkinga skráð alls 47 mið. Fornleifar voru sjáanlegar á 26 stöðum. Horfnar minjar voru 45 og fjöldi þeirra er einfaldlega skýrður með því að skráningin fór að mestu fram í og við kaupstaðinn og hafa því margar horfið undir hann. Samt sem áður er það áhugavert hve margar minjar eru sýnilegar í yfirborði. Ástand minjanna var skoðað og af þeim 26 minjum sem voru sjáanlegar voru 17 þeirra nokkuð greinilegar. 14 örnefni eða staðir sem tengdust þjóðsögum voru skráð.

Ís-130 Tröð

Tröð var í upphafi hjáleiga frá Meiri hlíð. Í jarðabók Árna Magnússonar var hún talin ¼ hluti Meiri hlíðar jarðarinnar að dýrleika. Mörk Traðar og Ytri búða miðuðust við Landdísarstein. Mörk Hóls og Traðar var Hólsá og mörk Traðar og Meiri hlíðar miðuðust við Bollagil og beina línu niður að Hólsánni. Mörk Ytri Búða og Traðar miðaðist við Landdísarstein.

Hluti af túnum jarðarinnar hafa horfið undir byggðina og þau tún sem næst stóðu bænum hafa aldrei verið sléttuð. Túnin sem tilheyrðu Tröð niður við Hólsána voru sléttuð með jarðýtu. Móskurð átti jörðin nægilegan til eigin þarfa. Enginn búskapur er nú á jörðinni og hefur hún smátt og smátt að vera að hverfa undir byggðina.

Heimildamaður: Haukur Ólafsson f 5.6. 1928.

Ís-130. 001 Bæjarhóll - bæjarstæði 660967 231500

Gengið eftir götunni Traðarland. Þar rétt fyrir ofan húsin í Traðarlandi stendur núverandi bæjarstæði. Í u.þ.b. 25 metra fjarlægð í nnv stóð gamli bærinn. Núverandi íbúðarhús var reist um miðja þessa öld. Gamla bæjarstæðinu var rutt til þegar íbúðarhúsin í Traðarlandi voru byggð.
Hættumat: mikil hætta

Ís-130.010 Kálgarður 66096342316038

Garðurinn stendur í u.þ.b. 60 m fjarlægð frá núverandi íbúðarhúsi í vesturátt. Austan garðsins er brunnur og bæjarlækurinn. Öfugt við kálgarð nr. 004 er þessi innan heimatúnsins. Beint fyrir neðan garðinn standa húsin í Traðarlandi. Hættumat: stórhætta vegna bygginga.

Ís-130.011 Brunnhús - Brunnur 6609635 2316051

Í u.þ.b. 60 m frá núverandi íbúðarhúsi í vesturátt og austan kálgarðs nr. 010. Brunnurinn er neðst í bæjarlæknum og eru íbúðarhúsin í Traðarlandi beint fyrir neðan. Hættumat. Stórhætta vegna bygginga.

Ís-130.012 Heimild um Fjós-útihús 6609637 2315996

Samkvæmt heimildarmanni stóð fjósið nv frá núverandi íbúðarhúsi í u.þ.b. 50 m fjarlægð. Milli bæjarhólsins og kálgarðs nr. 010. Fjósinu var rutt til við framkvæmdir við húsin í Traðarland. Ekki sést til rústa.

Ís-130.013 Landamerki-Landdísarsteinn 6609637 2315837

Stór steinn grösugur að ofan í u.þ.b. 79 m fjarlægð í austurátt frá núverandi íbúðarhúsi. Beint fyrir neðan götuna Dísarland og er hún nefnd eftir steininumm. Steinninn var áður mörk Traðar og Ytri Búða og lá túngarðurinn í gegnum hann. Hættumat: nokkur hætta.

Ís-130.014 Móholt- Mógrafir


Beint í suðurátt frá núverandi íbúðarhúsi er lítið holt alveg við Hólsána.

Ís-130.015 Túngarður 6609697 2316042

Túngarðurinn liggur beint upp af núverandi íbúðarhúsi og stendur að hluta til við fornleif nr. 002. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er mjög þykkur u.þ.b. 2 m. Sá hluti hans sem snýr að fjalshlíðinni er alveg gróinn og er sennilega eldri en sá sem snýr að bænum. Hæturnat: nokkur hætta vegan skriðufalla.

Ís-130.016 Túngarður 6609690 2316171

Túngarðurinn stendur í u.þ.b. 180 m í vestur frá núverandi íbúðarhúsi. Hann liggur í norður/suður. Áður lá hann alveg niður að Hólsá en er hluti hans nú horfinn. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti. Hæturnat: nokkur hætta.



Mynd 5. Minjasvæði í Tröð.

Ís-131.007 Bragavör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.008 Svalsvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.009 Guðsteinsvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.010 Vigurvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.011 Skeiðsvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.012 Þjóðólfsvör- Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.013 Brimbrjótsvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.014 Múlavör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.015 Eyfirðingavör- Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.016 Elíasarvör- Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.017 Dúfubúðavör- Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.018 Halldórs Benediktssonarvör - Lending

Verbúðir og varir stóðu frá gamla árósnum (þar sem Vitastígur er nú) og út að Stigahlíð. Nákvæm staðsetning verbúða og vara er óviss.

Ís-131.019 Vatnsfjarðarbúð - Verbúð

Í heimild stendur: ,,Í Ytri Búða landi standa verbúðir, sem heyra til Meiri Hlíð ... Ein af þessum búðum heitir Vatnsfjarðarbúð, því Vatnsfirðingar eiga hjer frí skipstöðu og búðargjörð. Nákvæm staðsetning óviss." (Jarðabók. bls.146.)

Ís-131.020 Fjárhús 6609841 2315105

Fyrir norðan kaupstaðinn upp í fjallshlíðinni fyrir ofan. Í hólunum undir Traðarhyrnunni. Rústin er mjög greinileg og mótar vel fyrir hleðslum sem standa í 0,90 - **1** m hæð. Hættumat: nokkur hætta vegna skriðufalla.


Ís-132 Hóll

Hóll í Bolungarvík er fornt höfuðból og kirkjustaður. Heimildir benda til þess að kirkja hafi verið komin þar á 13 - 14. öld og eflaust hefur bænhús verið reist þar um eða fljótlega eftir kristintöku árið 1000. Hóll var lengi bústaður embættismanna í byggðarlaginu og fyrr á öldum tilheyrðu flestar jarðirnar í Bolungar- og Skálavík henni. Sennilega hafa flestar jarðirnar skipst frá henni á 11. öld. Á 14. öld átti Björn Þorleifsson Hól og einnig margar aðrar jarðir í Bolungarvík. Þegar komið er svo fram á 18. öld hefur Hóll selt flestar jarðirnar.


Landamerki Hóls og Geirastaða var Geirastaðaleiti. Ósáin skipti Löndum Hóls og Óss. Hólsáin skipti löndum Túngu, Meiri Hlíðar, Minnihlíðar og Traðar. Í Jarðabók Áma Magnússonar var dýrleiki jarðarinnar 60 hundruð en hjá Johnsen 36 hundruð. Móskurð átti jörðin nægilegan en túnunum spillti sandfok.

Öll túnin hafa verið sléttuð með jarðýtu. Engin búskapur er nú á Hóli og hefur svo verið síðasta áratuginn. Tunga nýtir túnin að mestu.


Heimildarmaður: Haukur Ólafsson, fæddur 5.6. 1928.




Mynd 7. Einstakar minjar í landi Hóls.




Mynd 8. Staðsetning bygginga sem bæði stóðu og standa efst á bæjarhólnum á Hóli.



Mynd 9. Rúst í Vatnsnesi. Samkvæmt heimildum landnámsbær Þuríðar sundafyllis.



Mynd 10. Nöfn á túnum og örnefnum í Landi Hóls.



Mynd 11. Fiskimið Bolvíkinga.

Heimild: Áraskip.

Ís-132B.016 Hlíðar - Útmið 6623900 2329500

Miðað við Straumnes.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.017 Kögur - Útmið 6622900 2328400

Miðað við Straumnes.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.018 Hvesta - Útmið 6626400 2333900

Miðað við Straumnes
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.019 Björg - Útmið 6629100 2335600

Miðað við Straumnes. Í heimild stendur: ,,Út á Björg var ekki róið, en kom þó fyrir, að menn næðu þangað með lóðir á áraskipum, ... komust menn þangað í hákarlalegum."
Heimild: Áraskip

Ís-132B.020 Öskubakur - Útmið 6613000 2323500

Miðað við Deildina.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.021 Skálagil - Útmið 6613700 2326000

Miðað við Deildina.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.022 Ytri Kambur - Útmið 6614600 2326600

Miðað við Deildina.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.023 Innri Kambur - Útmið 6613700 2324900

Miðað við Deildina.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.024 Bakkadalur - Útmið 6614400 2328200

Miðað við Deildina
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.034 Skjambar - Djúpmið 6618500 2327000

Í Arnardals- og Kirkjubólsfjöllum austan Skutulsfjarðar miðuð við Óshlíð.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.035 Hömlur- Djúpmið 6617200 2331200

Í Arnardals- og Kirkjubólsfjöllum austan Skutulsfjarðar miðuð við Óshlíð.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.036 Hamar - Djúpmið 6616600 2332500

Í Arnardals- og Kirkjubólsfjöllum austan Skutulsfjarðar miðuð við Óshlíð.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.037 Óshlíð - Djúpmið 6616400 2334000

Miðað við Stigahlíð.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.038 Ögurskarð - Djúpmið 6615500 2335500

Í Amardals- og Kirkjubólsfjöllum austan Skutulsfjarðar.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.039 Ögurnes - Djúpmið 6615000 2337000

Óvíst við hvað er miðað.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.040 Kroppstaðahorn - Djúpmið 6617500 2336000

Óvíst við hvað er miðað.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.041 Svartafjall - Djúpmið 6616600 2337900


Miðað við Deildina.
Heimild Áraskip.

Ís-132B.042 Gönguskarð - Djúpmið 6616200 2340000


Í Vestfjarðafjöllum.
Heimild: Áraskip.

Ís-132B.043 Deildin - Djúpmið 6615400 2342200

Óvíst við hvað er miðað.



Mynd 12. Skipting jarða um 1710.



Mynd 13. Varir sem stóðu í landi Ytri- og Heimari búða.

bæjarhóllinn er tiltölulega hár og greinilegur. Hleðslur eru grónar og sumstaðar sést móta fyrir þeim undir þýfðu yfirborðinu.

Ís-137 Miðdalur

Skipting Miðdals og Geirastaða er Geirastaðaoddi og upp í Geirastaðagil. Skipting Hanhóls og .Miðdals er frá stórum stein (kallaður Haugur), niður við Miðdalsvatn (Syðridalsvatn), og bein lína frá honum upp í Urðarhjalla. Miðdalur var áður tvíbýli. Í Jarðabók Árna Magnússonar er jörðin talin 12 hundruð að dýrleika og hjá Johnsen einnig. Móskurð átti jörðin nægilegan til eigin þarfa. Jörðin var lá stundum í eyði í einhvern tíma og hafði verið svo í nokkur ár áður en núverandi ábúandi hóf búskap þar. Hlunnindi jarðarinnar var áður talinn silungsveiði í Miðdalsvatni. Öll tún hafa meira eða minna verið sléttuð með jarðýtu en ábúandi reyndi svo framarlega sem það var unnt að slétta ekki yfir rústir.
Heimildarmaður: Birgir Bjarnason, fæddur 1931.
Heimildir: Jarðabók Árna Magnússonar, Örnefu.Þjms.,Jarðabók Johnsens.

Ís-137.001 Bæjarhóll 6607456 2315575

Í austur frá núverandi íbúðarhúsi, u.þ.b. 40 m fjarlægð. Rétt austanmegin lækjar sem rennur í suðurátt. Sléttað hefur verið yfir hluta hólsins (með traktor og plóg). Hleðslur standa sumstaðar í u.þ.b. meters hæð. Þetta var aðalbæjarstæðið á Miðdal.
Hættumat: mikið vegna ábúðar

Ís-137.002 Bæjarhóll 6607500 2315505

Í nv átt frá núverandi íbúðarhúsi, örlítið hærra en nr. 001. Vestan bæjarhólsins í u.þ.b. 20 m fjarlægð er sumarbústaður. Rústin er gróin og hleðslur sjást ekki en lögun rústarinnar er mjög greinileg.
Hættumat: mikið vegna ábúðar.

Ís-137.003 Heimild um fjárhús

Í heimild stendur: „Næst er Veita() og þá Hólhústún, ... , á því voru fjárhús, Hólhús ... " Samkvæmt heimildarmanni stóðu fjárhúsin rétt hjá gömlum fjárhúsum sem standa enn. Í u.þ.b. 10 - 20 m fjarlægð í vestur. Nákvæm staðsetning óviss.
Heimild: Örnefu.Þjms.

Ís-137.004 Heimild um hesthús

Samkvæmt heimildarmanni stóð hesthús í brekkunum fyrir ofan bæinn í Na frá gömlu fjárhúsunum. Í u.þ.b. 100 m fjarlægð frá bænum. Nákvæm staðsetning óviss.

Ís-137.005 Kví 6607363 2315801

Fyrir norðan núverandi bæjarstæði er lækur. Læknum er fylgt í vestur þangað til að komið er að þar sem lækurinn rennur inn í túnið. Tóftin liggur alveg við lækinn. Hún er gróinn ekki sjást hleðslur en vel sést móta fyrir lögun tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Ís-137.006 Mógrafir 6607269 2316600

Læknum sem rennur norðan við bæinn er fylgt í norður þangað til að komið er upp á svokallaðan Hrosshjalla. Þar fyrir ofan er Urðarhjalli og á honum blámýrar. Í suðurátt frá Miðdalsseli. Á þessu svæði var mór tekinn en eingöngu voru skráðar tvær greinilegustu grafirnar.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Örnefu.Þjms.

Ís-137.007 Mógrafir 6607351 2317105

Farið er upp á Urðarhjalla, þar er komið að Miðdalsseli (nr.008). Í u.þ.b. 200 mína frá selinu eru mógrafir. Þessar grafir eru allnokkuð stærri en nr.007.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Örnefu.Þjms.

Ís-137.008 Miðdalssel - sel 6607314 2316904

Gengið er upp Hrosshjalla og þaðan upp á Urðarhjalla. Grösugur hóll og mjög greinilegur. Hleðslur eru ekki sýnilegar en mótar fyrir þeim. Lögun rústarinnar er greinileg.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Örnefu.Þjms.

Ís-137.009 Geirastaðasel - sel 6607516 2316822

Farið er upp á Urðarhjalla. Í norðurátt frá Miðdalsseli. Rústin er ekki greinileg og engar hleðslur sjást. Rústin lítur út eins og þýfður hóll. Samt mótar lítillega fyrir tóft.
Hættumat: hætta vegna gróðurs.
Heimild: Örnenfþjms.

Ís-137.010 Álagablettur - Örnefni

Í suðvestur átt frá núverandi bæjarstæði, rétt fyrir neðan fornleif nr 001 er lítill blettur í túni. Þessi blettur er aldrei slegin enda liggja á honum álög. Ábúandi slær alltaf í kringum blettinn.

4. Kafli Fornminjar í Bolungarvík

Á síðustu árum hefur orðið aukning í fornleifarannsóknum á Íslandi eins og sjá má á blaðagreinum síðustu ára. Þessar fornleifarannsóknir hafa þó að meginstefim til verið á suðurlandsundirlendinu. Vestfirðir hafa verið því sem næst afskiptir fyrir utan nokkrar rannsóknir á sunnanverðum Vestfjörðum. Engar rannsóknir, að heitið geti, hafa verið gerðar á norðanverðum Vestfjörðum. Ástæða þessa er eflaust fjarlægðin frá höfuðborgarsvæðinu en einnig eru aðrar ástæður fyrir því að menn hafa ekki ráðist í skipulagðar fornleifarannsóknir. Ástæður sem tengjast fornleifafræðinni sjálfri. Mörgum spurningum er enn ósvarað um byggðarþróun og byggðarsögu norðanverðra Vestfjarða. Í raun og veru vita menn lítið annað en það sem stendur í rituðum heimildum.

Norðanverðir Vestfirðir hafa sérstöðu fram yfir marga aðra landshluta þar sem að byggð hefur minnkað mikið á síðustu hundrað árum. Margar jarðir voru yfirgefnar áður en að stórvirkar vinnuvélar tóku að ryðja sér til rúms í landbúnaði og voru aldrei byggðar aftur. Rústir bæjarhúsa og útihúsa á þessum jörðum standa enn óhreyfðar eins og þær voru fyrir 100 árum og gefur það einstakt tækifæri til rannsókna á búskaparháttum, byggingarlagi og lifnaðarháttum fólks á norðanverðum Vestfjörðum hér fyrr á öldum.

Minnkandi byggð skapar einnig vandamál. Fólk það sem bjó á jörðunum er smátt og smátt að hverfa og með þeim glatast mikilsverðar upplýsingar. Það er ekki nokkur spurning að miklar upplýsingar um byggð í mörgum fjörðum á norðanverðum Vestfjörðum hafa glatast með því fólki sem flutti þaðan. Eftir standajarðirnar auðar og yfirgefnar og rústirnar sjálfar geta bara gefið takmarkaðar upplýsingar. Það er því brýnt að fornleifaskráning hefjist sem fyrst á norðanverðum Vestfjörðum til að mikilvægar upplýsingar glatist ekki að eilífu. Fornleifaskráning er sá grunnur sem öll skipulögð fornleifarannsókn byggir á.

Með nýjum þjóðminjalögum frá árinu 1992 er bæjar- og sveitarfélögum gert það skylt að gera fornleifakönnun áður en að ný byggingarsvæði eru skipulögð. Ef fornminjar koma svo í ljós meðan á hverskonar fræmkvæmdum stendur verður bæjarfélagið annaðhvort að láta kanna minjarnar til hlítar eða að endurskipuleggja svæðið svo að hægt sé að komast hjá því að eyðaleggja fornminjarnar. Það er því hagur fyrir bæjar- og sveitafélög að fornleifaskráning hafi farið fram áður en kemur til skipulags byggingarsvæða.

Bolungarvíkurkaupstaður réðst í að skrá fornleifar í byggðarlagi sínu og er það lofsvert framtak. Spurning sem menn eflaust velta fyrir sér er hvernig hægt sé að nýta slíkar upplýsingar þannig að þær komi að notum á sem flestum sviðum. Stærsti gróði sem fornleifaskráning skilar af sér er fyrst og fremst menningarlegur gróði fyrir byggðarlagið og allt þjóðfélagið. Upplýsingum er bjargað frá gleymsku og settar í víðara samhengi við allt samfélagið og slíkur gróði verður aldrei metin til fjár.

Kaupstaður sem hefur látið skrá fornminjar í byggðarlagi sínu hefur allt í einu fornminjar sem hægt er að hafa til sýnis. Þannig má nýta fornminjaskráningu í ferðamannaiðnaði. Lítið bæjarfélag eins og Bolungarvík getur skipulagt ferðir um sveitina þar sem farið er í gegnum sögu staðarins og staldrað við á stöðum þar sem rústir sjást. Erlendur ferðamaður hefur ekki nema að takmörkuðu leiti, áhuga á því að sjá íslendinga í nútíma samhengi. Áhugi hans er á sérstöðu íslenskrar menningar. Sú menningarlega sérstaða liggur aðallega í fortíðinni, horfnum byggingum og búskaparháttum. Erlendum ferðamanni finnst hann tengjast menningu og sögu landsins

Skrá yfir Myndir og teikningar

Mynd á titilsíðu. Kirkjan á Hóli í Bolungarvík.
bls.4 Mynjasvæði í Bolungarvík.
bls. 7 Landnám Þuríðar sundafyllis og Hallvarðs súganda.
bls.8 Jarðaskipting 1100 og fyrir 1350.
bls. 12 Einstakar minjar í landi Traðar.
bls. 13 Kort yfir minjar í landi Traðar.
bls. 16 Rúst nr. 020 í landi Ytri búða.
bls. 17 Einstakar minjar í landi Hóls.
bls. 21 Staðsetning bygginga efst á bæjarhólnum á Hóli í Bolungarvík.
bls. 23 Rúst í Vatnsnesi.
bls. 25 Nöfn á túnum og örnefuum í landi Hóls.
bls. 27 Fiskimið Bolvíkinga.
bls. 33 Skiptingjarðaum 1710
bls. 35 Varir sem stóðu í landi Ytri- og Heimari búða. bls. 38 Minjastaðir í landi Miðdals.
bls. 40 Einstakar minjar í landi Miðdals.